

Umsókn um kynningarstyrk vegna alþjóðlegrar frumsýningar á A-lista hátíð

Athugið: Kynningarstyrkir vegna kynningar fullbúinna íslenskra kvikmynda eru veittir í tveimur styrkjaflokkum. Annars vegar vegna alþjóðlegrar frumsýningar og kynningarátaks vegna þess og hins vegar vegna ferða á A – hátíð til kynningar á kvikmynd.

Þetta umsóknarform er fyrir fyrri styrkjaflokkinn eða kynningarátak samhliða alþjóðlegri frumsýningi á A-hátíð.

Almennar upplýsingar um kynningarstyrk vegna alþjóðlegrar frumsýningar

Tilfni kynningarstyrks

Íslensk kvikmynd þarf að hafa verið boðin þátttaka í aðalsýningarflokki A-lista kvikmyndahátíðar og þar sem hún er frumsýnd á alþjóðlegum markaði.

Með A-lista hátíð er vísað til skilgreiningar FIAPF samtakanna. http://www.fiapf.org/intfilmfestivals_sites.asp

Með alþjóðlegri frumsýningu (international launch) er vísað til þess að um sé að ræða fyrstu sýningu kvikmyndar á alþjóðlegum vettvangi.

Hver má sækja um

Aðalframleiðandi kvikmyndar getur sótt um kynningarstyrk. Í tilviki minnihlutasamframleiðslu íslenskra og erlendra aðila má meðframleiðandi kvikmyndar sækja um.

Hvaða kostnaður er styrkhæfur

Styrkurinn skal mæta tilteknum styrkhæfum kostnaði sem ráðgerður er á umsóknardegi og er staðfestur með skilum á uppgjöri. Til styrkhæfs kostnaðar teljast aðgerðir sem ráðist er í á vettvangi kvikmyndahátíðar til kynningar á kvikmyndinni. Til styrkhæfs kostnaðar í því tilviki telst m.a.:

- Kynningaráðgerðir á vettvangi hátíðar og samskiptakostnaður, þ.m.t. þátttaka í kostnaði við starf kynningarfulltrúa, gerð kynningarefnis, hagnýtingar auglýsingamiðla.
- Opnunarhóf eða aðrar upptökur í tengslum við kynningu kvikmyndar
- Ferðakostnaður lykilaðila og listræns framlags sem komu aðgerð kvikmyndarinnar.

Hver er hámarksfjárhæð styrks

Fjárhæð styrks ræðst bæði af vægi tilfenis, umfangi kynningaráætlunar og mótframlagi aðstandenda kvikmyndarinnar. Þannig er hæsti styrkur sem nemur 2,5 m.kr. einvörðungu veittur fyrir kvikmyndir sem kynntar eru á veigamiklum kvikmyndahátíðum og erlendir samstarfsaðilar og/eða sölufyrirtæki leggja til verulegan hluta kostnaðar við kynningarátak á móti framlagi innlendra framleiðenda og KMÍ.

Kröfur til umsókna

Umsókn er skilað inn á vefgátt KMÍ ásamt fylgigögnum: <https://umsokn.kvikmyndamidstod.is/>

Umsókn sem skilað er skal fylgja:

1. Lýsing á hvaða kvikmyndahátíð kvikmynd hefur verið boðið, þ.m.t. hvaða keppnisflokk ef við á, á auk afrits af staðfestu boði myndarinnar á umrædda hátíð.
2. Markaðs- og kynningaráætlun þar sem útlistað er í hvaða aðgerðir skal ráðast til kynningar á kvikmyndinni.
3. Kostnaðaráætlun þar sem tiltekið er hvað áætlað er að einstakir liðir í kynningaráætlun muni kosta. Þá er þess krafist kostnaður sé sundurliðaður þannig að hægt sé að greina einstaka kostnaðarliði. Nauðsynlegt er að tiltaka hvaða aðilar muni ferðast á vettvang hátíðarinnar og ferðakostnað niður á hvern aðila. Á umsóknarsíðu fylgir forsníð kostnaðaráætlunar sem skylt er að nota.
4. Fjármögnunaráætlun kynningarstarfs þar sem sést hvert er ætlað framlag bæði framleiðanda, sölufyrirtækis og annarra aðila sem koma að kynningu kvikmyndarinnar. Fyrir hámarksstyrk frá KMÍ til framleiðanda er gert ráð fyrir að mótframlag aðila sé hærra en framlag KMÍ.

Samningur er gerður um styrkinn þar sem fram koma skilmálar greiðslu og skila á bæði fjárhagsuppgjöri verkefnisins og greinargerð um árangur kynningarstarfs.